

verzlunarmanna skal sölubúðum lokað kl. 12 á hádegi. 20. maí, þá er afmæli Siglufjarðar ber upp á 5 eða 10 ár, skulu sölubúðir vera lokaðar allan daginn.

Samþykkt þessi, sem er gerð af bæjarstjórn Siglufjarðar samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 23. marz 1972.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

AUGLÝSING

**um breytingu á auglýsingu nr. 154 1963, um skiptingu Reykjavíkur-
prófastsdæmis í sóknir og prestaköll, sbr. stjórnarráðsbréf
nr. 189/1967 og augl. nr. 71/1968 og 143/1971.**

Eftir að leitað hefur verið tillagna safnaðarráðs Reykjavíkur og að fengnum tillögum biskups Íslands, er eftirfarandi breyting gerð á skiptingu Reykjavíkur-prófastsdæmis í sóknir og prestaköll, sem ákveðin var með auglýsingu nr. 154/1963, sbr. stjórnarr.br. nr. 189/1967 og augl. nr. 71/1968 og 143/1971: Á eftir 19. tölulið komi nýr töluliður, er orðist svo:

20. Breiðholtsprestakall:

Breiðholtssókn takmarkast af Reykjanesbraut að vestan, Breiðholtsbraut að sunnan, Höfðabakka að austan og Elliðaám að norðan.

Breiðholtshverfi utan framangreindra marka, sem takmarkast af áframhaldi Reykjanesbrautar að vestan, landamerkjum Kópavogskaupstaðar að sunnan og austan og Elliðaám að austan og norðan, fylgir Breiðholtsprestakalli fyrst um sinn.

Önnur ákvæði auglýsinga nr. 154/1963 breytast í samræmi við auglýsingu þessa.

Auglýsing þessi tekur gildi nú þegar. Sóknargjöld fyrir árið 1972 innheimtast með tilliti til ofangreindra breytinga.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. marz 1972.

Ólafur Jóhannesson.

Baldur Möller.